

**Sp.**

**337. Fyrirspurn**

**[142. mál]**

til ríkisstjórnarinnar um greiðslur til ameríska sendiráðsins úr mótvirðissjóði.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Hafa ameríska sendiráðinu í Reykjavík verið greiddar um 20 milljónir króna úr sjóði ríkisins, mótvirðissjóði, eða hve miklu nemur sú upphæð alls, er því hefur verið greidd?
2. Hvernig skiptast þessar greiðslur á undanfarin ár?
3. Hefur eitthvað af fé þessu verið yfirfært í erlendan gjaldeyri og þá hve mikið, eða hefur sendiráðið ráðstafað þessu hér innanlands?